

Verkefnaráð, upplýsinga- og athugasemdafundur, úthlutunarfundur Fundargerðir: Verkefnaráð 19.06.2024

Verkefnaráð, upplýsinga- og athugasemdafundur, úthlutunarfundur	1
Gæðahandbók fyrir USK (frumathugun) og PON	4
Nýr samskiptamiðill Reykjavíkurborgar.....	6
Framlínulausn fyrir þjónustuver	8
Önnur mál	10

Verkefnaráðsfundur 19.06.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024
Dagsetning 19.6.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Ásta Þöll Gylfadóttir, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásgrímur Már Friðriksson, Drífa Guðjónsdóttir Plank, Hallgrímur Andri Jóhannsson, Jóhann Jökull Ásmundsson	
Fjarverandi: Pröstur Sigurðsson	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Miðvikudagur 19. júní 2024, kl. 10:00 – 12:00 – 6.hæð vestur, Stekkur, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling

10:05–10:20 Frumathugun:stöðlun ferðaupplýsinga fyrir rafskútur (MDS): Ásgrímur Már

10:20–10:25 Umræður

10:25–10:40 Gæðahandbók fyrir USK(frumathugun) og ÞON: Ásgrímur Már og Drífa

10:40–10:45 Umræður

10:45-11:00 Samskiptamiðill Reykjavíkurborgar: Hallgrímur

11:00-11:05 Umræður

11:05-11:20 Samskiptalausn fyrir framlínuþjónustu v2.0: Jóhann Jökull

11:20-11:25 Umræður

11:25-12:00 Umræður og önnur mál – Minnisblöð verkefna.

12:00 Fundi slitið

Frumathugun:stöðlun ferðaupplýsinga fyrir rafskútur (MDS)

Á fimm árum hafa rafskútur breytt samgöngukerfi Reykjavíkurborgar. Árið 2023 voru um 1.790 rafskútur í notkun hvern dag og að meðaltali voru 5.444 ferðir farnar um borgarlandið. En heildarfjöldi ferða fyrir árið 2023 voru 1.993.242. Reykjavíkurborg hefur ekki aðgang að neinum gögnum umfram fjölda ökutækja í notkun og fjölda ferða um borgarlandið.

Um er að ræða frumathögun sem skiptist í 3 fasa. Fyrsti fasinn er stefnumótun og vinnustofur með einkaaðilum. Annar fasi er uppsetning á kerfi og notkun til þriggja mánaða (samkvæmt samningi). Þriðji fasinn er árangursmat og framtíðarmótun.

Búið er að gera:

- Áskorunarramma
- Forgreiningu
- Funda með lögræðingum USK vegna persónuverndar
- Samtal við lögfræðiteymi ÞON
- Samtal við gagnateymi

- Fundur með Hopp
- Tilboð fyrir 3ja. mán. demó frá þjónustuaðila

Með verkefninu á m.a að:

Með því að safna saman flæðisgögnum á við GPS, flæðisgögn og notkunarhegðun, geta borgaryfirvöld tekið upplýstar ákvarðanir varðandi samgöngukerfið og brugðist við vandamálum á borð við hættusvæðum, slysum og umferðarþrengslum. Með uppsetningu MDS (Mobility Data Specification) getur Reykjavíkurborg tryggt betur að rafskútur séu notaðar á öruggan og áhrifaríkan hátt og stuðlað að betri og öruggari samgöngum í framtíðinni.

Væntur ávinningur/ábati:

Erfitt er að meta fjárhagslegan ábata þar sem verkefnið tekur ekki við af fyrra verkefni né snýr það að vissri þjónustu heldur að samgöngukerfinu í heild. Annar ábati:

- Bætt samgönguskipulag: Gögn frá MDS gera borgum kleift að skipuleggja innviði á upplýstan hátt.
- Eftirlit með reglum: Borgir geta fylgst með hvort þjónustuaðilar fylgi reglugerðum.
- Stjórnun umferðar: Rauntímagögn hjálpa við að stjórna umferðarflæði og draga úr þrengslum.
- Umhverfisávinningur: Styður við sjálfbærar samgöngulausnir.
- Öryggi: Hjálpar við að bæta öryggi með betra eftirliti.
- Jafnrétti: Tryggir aðgengi að samgöngum fyrir alla íbúa.
- Nýsköpun: Stuðlar að þróun nýrra lausna og efnahagsvöxt.

Tímarammi: 5 mánuðir / 20 vikur

Áætlaður kostnaður: 7.125.000 m.kr.

Óskað er eftir:

- Fjármögnun upp á 7.125.000 m.kr.
- Aðgengi að stoðteymi vegna samnings
- Verkefnastjóra
- Gagnasérfræðing

Næstu skref:

- Fundur með hagsmunaaðilum.
- Gengið frá samningi og kaupum á lausn.
- Vinnustofur og kröfufylsingar mótaðar með einkaaðilum.
- Undirbúningur og stöðlun MDS gagna.
- Prófanir á Vianova (MDS lausn)– 3 mánaða aðgangur keyptur samkvæmt samning.
- Greining á næstu skrefum og vænlegum viðbótum við kerfi.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 19.6.2024: 3 3 2 3 5 2 2,73

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnið er samþykkt, mjög þarft verkefni.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga verkefnis um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra gagnþjónustu og deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Gæðahandbók fyrir USK (frumathugun) og ÞON

Verkefnið er samstarfsverkefni tveggja sviða – þar sem Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) er eigandi og Umhverfis- og skipulagssvið (USK) verður frumathugunarverkefni (POC). Verkefnið snýr að því að koma gæðahandbók/bókum þessara sviða í annað og betra form.

Búið er að gera:

- Samkomulag meðal hagaðila.
- Samþykki vörustjóra Microsoft.
- Fá kynningu á lausn Spektra.
- Fá tilboð í vörur fyrir bæði ÞON og USK.
- Uppsetning ramma stafrænna verkefna.

Með verkefninu á m.a að:

Færa gæðakerfi USK og ÞON yfir í Sharepoint með viðbót frá Spektra enda er þar verið að samnýta núverandi auðlindir og eignir. Með verkefninu verður hægt að samræma betur verklag og stefnu Reykjavíkurborgar varðandi vinnslu og birtingar á gæðastefnum, skjölum og upplýsingum.

Verkefnið styður að auki við fullnýtingu á núverandi kerfum en lausnin sem um ræðir er viðbót við Sharepoint umhverfið.

Væntur ávinningur/ábati:

Fyrir notendur: Gæðakerfið fangar hlutverk og ábyrgð sviðanna og skrifstofa þeirra. Skýrara umboð og ábyrgð eykur skilning starfsfólks á ferlum og á ábyrgð þeirra og tryggir að mál séu tekin alla leið. Það veitir starfsfólki frekara öryggi í sínum störfum og eykur starfsánægju.

Fyrir stjórnendur: Aukin samræming og almenn stöðlun á innri stefnum, ferlum og gæðamálum. Gæðakerfið dregur úr áhættu á mistökum með því að hafa mikilvægustu ferli sviðanna skilgreind og áhættumetin. Það tryggir rekjanleika og verkefni eru ekki háð einstökum starfsmönnum.

Rekstrarlegur ábati: Gæðakerfið er grunnstoð í starfsemi sviðsins sem byggir undir verklag og vinnubrögð sem leiða af sér framúrskarandi þjónustu til borgarbúa og annarra sem leita þjónustu borgarinnar á sviði umhverfis- og skipulagsmála. Auk þess er það grunnstoð faglegrar verkefnastjórnunar fjárfestingarverkefna ÞON og þjónustuveitingar við starfsfólk borgarinnar í samræmi við þjónustustefnu hennar.

Umhverfislegur ábati: Gæðakerfið samræmir vinnubrögð og stuðlar að enn frekari fagmennsku. Skilgreint og samræmt verklag gerir kleift að skilgreina og framkvæma verkefni á skilvirkan hátt og dregur úr sóun.

Tímarammi: Tímalína innleiðingar 16 vikur.

Áætlaður kostnaður: 5.405.312 kr.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óskað er eftir fjármagnsúthlutun vegna grunnuppsetningar fyrir hvert svið í formi fjárfestingar. Mánaðarlegt gjald verður í framhaldi fært í rekstur hjá hvoru sviði fyrir sig.
 - Grunnuppsetning Spektra: 3.245.312 kr.
 - Aðkoma verkefnastjóra, ca 20% í 2 mánuði: 600.000 kr.
 - Fjárfesting samtals: 3.845.312 kr.
 - Ársgjald í framhaldi: 1.560.000 kr (fer á rekstur).
- Aðkoma vörustjóra Microsoft að uppsetningu (minniháttar).
- Verkefnastjóri - Helstu verkefni: frágangur samnings, tengiliður við Spektra, utanhald um tímalínu og að vörður standist.

Tegund verkefnis: Fjárfestingaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 19.6.2024: 3 4 1 3 3 2 2,53

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni samþykkt. Fögnum þessu verkefni, gæðamál eru mikilvæg. Huga þarf að heildarfjármagni uppá innkaupaleiðir og fá lögfræðing strax inní verkefnið uppá að innkaupareglum sé fylgt.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga USK og verkefnastjóra gæða og ferlamála um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu og deildarstjóra vef og vörustýringar um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	x
3		EBB/HA	

Aftur í efnisyfirlit

Nýr samskiptamiðill Reykjavíkurborgar

Workplace (WP) er samskipta-, samvinnu- og upplýsingatól sem Reykjavíkurborg notar í dag. Workplace mun loka fyrir stöðuuppfærslur 1. september 2025 og af þeim sökum er verið að skoða nýja sambærilega lausn fyrir borgina.

Búið er að gera:

- Hefja samtal við Crayon (endursöluaðili WP).
- Forskoðun á Viva Engage og mögulegum viðbótum.
 - Yfirfærslu á EU tenant lokið (14.06).
- Kynning fyrir eiganda (MOS) – jákvæð viðbrögð.
 - Vilji hjá eiganda til að færa innri vef í SharePoint lausn í kjölfarið.
- Mynda verkefnahóp innan hagaðilahóps.

Með verkefninu á m.a að:

Fasa út Workplace og innleiða nýja lausn árið 2025.

Væntur ávinningur/ábat:

Verkefnið er viðamikíð og snertir á öllum sviðum borgarinnar með einum eða öðrum hætti.

- Notum lausn sem við eigum nú þegar. Engin aukning í leyfisgjöldum.
- Tækifæri til að auka notkun á samskiptalausn borgarinnar, með vel heppnaðri innleiðingu, og á Teams. Nýtum lærdóm frá innleiðingu Workplace.
- Innri miðlun á einum stað (One-Stop-Shop).
- Tækifæri til að færa Fróða í SharePoint lausn samhliða og uppfæra innri vefinn og losna við innri vef í Drupal.
- Leyfisgjöld vegna WorkPlace falla niður. Erum með fastan samning út árið 2026 með möguleika á framlengingu sem hefði að öllu óbreyttu verið nýttur. Árlega eru greiddar 20 m.kr. (Þetta er þó með fyrirvaraum kostnað vegna innleiðingar á Viva og framlags Microsoft til innleiðingar.

Tímarammi: 18 mánuðir

Áætlaður kostnaður: Grunn fjármagn sem óskað er eftir í upphafi verkefnis er 12.600.000 kr.

Óskað er eftir:

- Fá verkefnastjóra fyrir þarfagreiningu, kostnaðarmat, yfirfærslu og innleiðingu.
 - Tvíhliða þarfagreining - Workplace og Viva.
 - Samtal við Microsoft vegna fjármögnunar.
 - Innleiðing og útfösun.
 - Meta þarf kostnaðarþörf og umfang innleiðingar.
- Grunn-fjármagn vegna starfa verkefnastjóra og stuðteymis:
 - 12.600.000 kr.
 - 2024 = 4.800.000 kr.
 - 2025 = 7.800.000 kr.

Næstu skref:

- Tvíhliða þarfagreining – Workplace og Viva.
- Samtal við Microsoft vegna fjármögnunar.
- Meta þarf kostnaðarþörf og umfang innleiðingar.

Tegund verkefnis: Fjárfestingaverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 19.6.2024: 4 4 1 4 3 2 2,80

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni er samþykkt, jákvætt að taka innri vefinn inní þetta. Passa þarf vel uppá afmörkunina.

Mikilvægt að eigandi (MOS) sé kyndilberi innleiðingar, með stuðningi verkefnastjóra, og tryggi að það sé fólk á öllum sviðum sem er tilbúið í verkefnavinnuna. Hugbúnaðarlausnin er í raun minnsta áskorunin, stóra málið er öflug innleiðing á öllum starfsstöðum borgarinnar sem eigandi þarf að taka ábyrgð á.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt.
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MOS og vörustjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Framlínulausn fyrir þjónustuver

Mikilvægt er að hafa miðlæga framlínulausn fyrir þjónustuver til að taka á móti erindum íbúa á sem skilvirkastan hátt. Árið 2018 var framlínulausn boðin út ásamt símkerfi Reykjavíkurborgar. Útboð var umfangsmikið og náði ekki höfn út af kostnaði, það var því farið aftur í verðfyrirspurn árið 2021 og Genesys innleitt til þriggja ára. Nú er samningurinn útrunnin og mikilvægt að hefja vinnu við útboð.

Búið er að gera:

Árið 2021 var framlínulausn boðin út með verðfyrirspurn og innleitt til þriggja ára. Nú er óskað eftir því að hefja útboðsferli fyrir framlínulausn þar sem þriggja ára samningurinn er að renna út.

Með verkefninu á m.a að:

Fara í útboð á framlínulausn til þess að biðtími styttist hjá íbúum sem hringja inn og tími starfsfólks nýtist betur þegar hægt er að þjónusta símtöl samhliða netspjalli.

Til framtíðar:

- Með framlínulausn skapast einnig tækifæri að vinna enn frekar úr erindum sem berast sem hafa beinar umbætur fyrir stjórnendur allra sviða.
- Tenging tölvupósta inn í framlínulausn er hægt að erindagreina, sem ekki er gert í dag.

- Með tengingu við jira skapast yfirsýn fyrir þjónustuverið á áframsend erindi til sérfræðinga sem og gefur nákvæmari greiningu á fjölda afgreiddra erinda í fyrstu snertingu og hversu mörg mál sem raunverulega eru send til sérfræðinga. Þetta gefur stjórnendum þjónustuvers og sviða góða yfirsýn hvar tækifæri eru til umbóta.
- Uppsett númerakerfi núverandi eða ný lausn .
- Uppsetning og tenging við power BI (fyrir stjórnendur þjónustuvers og stjórnendur sviða)
- Bestun á netspjall annað hvort á núverandi spjalli eða með „lifandi“ spjalli.

Ávinningur/ábati:

- Bætt viðmót við íbúa í með „call back“ og sjálfvirkum talhólfsupplýsingum.
- Sameina allar þjónustugáttir á einum stað.
- Öflug erindagreining á umfangi erinda sem nýtist stjórnendum á öllum sviðum.

Áætlaður kostnaður: 10.035.000 kr.

Tímarammi: 6 mánuðir

Óskað er eftir:

- Fjármagni á innleiðingartímabili við útboð og að koma framlínulausn í rekstur
 - Leyfiskostnaður – 25 leyfi fyrir bæði þjónustuver og Velferðarsvið
 - Þjónustuna og innleiðing söluaðila
 - Verkefnastjóri
 - Vörustjóri
 - Aðstoð frá UTR við tengingar á framlínulausn

Næstu skref:

- Útboðsgerð
- Innleiðing
- Framlínulausn í rekstur

Tegund verkefnis: Fjárfesting

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 19.6.2024: 4 4 1 4 5 2 2,93

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni er samþykkt. Huga að leið í innkaupum, verðfyrirspurn eða útboð. Gera þarf heimildarbeiðni sem allra fyrst.

Ákvörðun

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt.
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrgðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2		EBB/HA	
	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Teams phone – Sjá minnisblað í gögnum.

Nokkrir punktar úr minnisblaði.

- Á fundi framkvæmdarstjórnar Skóla- og frístundasviðs þann 5. júní 2024, þá var ákveðið að ekki væri þörf á að setja upp borðsíma í allar skólastofur grunnskóla þegar uppsetning á nýju símkerfi Teams Phone yrði sett upp og eldra símkerfi tekið niður.
- Þessi ákvörðun hefur umtalsverð á hrif á heildarkostnað á verkefnið
- Það er mat verkefnahóps að kostnaður við uppsetningu Teams Phone á þau svið sem eftir eru muni lækka um sirka helming eða úr **81,5 milljónum í sirka 43 milljónir**.
- Meðaltalkostnaður sem kann að sparast er 27.360.000 m.kr á ári fyrir SFS vegna leigu á símtækjum .símaleyfum og rekstur á símkerfi.

Ákvörðun verkefnaráðs:

Ekki samþykki að halda áfram fyrir en nánari upplýsingar liggja fyrir. Þurfum að fá söguna, hvers vegna var hætt að nota eldra kerfi, fá stærstu vörðurnar í verkefninu sem hafa fallið frá upphaflegu plani. Orðið það langt verkefni sem hefur farið á milli nokkurra ábyrgðaraðila.

Eignaumsjónarkerfi fyrir MÍR: tilkynnt um breytingu á verkefninu**Minnisblað fyrir verkefnaráð**

Þann 30. apríl 2024 var tekin sú ákvörðun hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur að draga sig út úr verkefninu Eignaumsjónarkerfi fyrir MÍR. Þau stefna á að fara með skráningar á safnhúsum inn í Sarp. Það er kerfi sem varðveitir upplýsingar um listaverk, muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti

og örnefnalýsingar ásamt öðru efni. Til stendur að uppfæra Sarp sem mun þá nýtast enn betur en áður hefur verið til þess að halda utan um safneign.

Á fyrri stigum verkefnisins dró Listasafn Reykjavíkur sig út úr verkefninu af sömu ástæðu.

Gögn sem hafa orðið til í verkefninu verða skjölud og munu nýtast safninu áfram í þeirra vinnu við að setja safnkostinn í Sarp þegar þar að kemur.

Vinna við þeirra þátt var í formi tveggja funda með hvorri stofnun fyrir sig með sérfræðingi frá Örn Software. Tapið er óverulegt og hefur ekki neikvæð áhrif á kostnað verkefnis.

Ákvörðun verkefnaráðs: Engin ákvörðun hér sem þarf að taka. Vert er að nefna að Sarpur sem er í eigu Landskerfis Bókasafna – Rekstrarfélags Sarps, hefur verið áætlaður í uppfærslu í 5 ár án þess að það hafi raungerst og gott að upplýsa um það.

Aðrar umræður

Verkefnið umferðarljósatölva – uppfærsla

Verkefnið kom til umræðu þar sem verkefnastjóri og stafrænn leiðtogi höfðu komið að máli við skrifstofustjóra þjónustuhönnunar og taldi skrifstofustjóri að málið yrði rætt á fundinum þar sem talið var að verkefnið væri í vanda. (vantar eiganda og vantar nánari útskýringar).

Ákvörðun verkefnaráðs: Niðurstaðan er sú að stoppa verkefnið, skrifa minnisblað sem felur í sér stöðu verkefnisins, hvert er vandamálið (ef enn til staðar), fjármagn - er þetta verkefni á rekstri?, tímalínan og fleira sem á við.

Sendu verkefnaskráarstjóra minnisblaðið og því verður komið til verkefnaráðs.

Athugasemd frá 08.07.2024

Verkefnið var sett á bið. Þar sem kerfið og rekstur þess er á helmings ábyrgð Vegagerðarinnar þá höfum við ekki heimild til þess að ráðstafa fjármagni úr fjárfestingu nema að það liggi fyrir skuldbingin af hálfu ríkisins fyrir þeirra hlut.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn í lok ágúst/byrjun september 2024.